



Framkvæmdanefnd
um einkavæðingu

Samson eignarhaldsfélag ehf.
Suðurlandsbraut 12
108 Reykjavík

9. september 2002

Ráðherranefnd um einkavæðingu hefur ákveðið að gengið verði til viðræðna við Samson eignarhaldsfélag ehf. um kaup á umtalsverðum hlut í Landsbanka Íslands hf. Samkvæmt tilkynningu sem framkvæmdanefnd um einkavæðingu hefur borist er Samson ehf. í eigu Björgólfs Thors Björgólfssonar, Magnúsar Þorsteinssonar og Björgólfs Guðmundssonar. Ákvörðun þessi byggir á forsendum framkvæmdanefndar um einkavæðingu og mati HSBC á þeim gögnum sem hafa borist frá þeim þremur aðilum sem nefndin hefur átt í viðræðum við að undanförmu.


Um leið og þetta er tilkynnt með formlegum hætti vill nefndin koma á framfæri nokkrum athugasemdum vegna þeirra viðræðna sem framundan eru:

- Í bréfi dags. 6. þ.m. frá þeim sem standa að Samson ehf. kemur fram verðbilið 3,00 til 3,90. Framkvæmdanefnd um einkavæðingu vill taka skýrt fram að nefndin telur sig ekki bundna af umræddu verðbili. Á þessu stigi vill nefndin taka fram að hún telur eðlilegt að litið verði til markaðsverðs að viðbættu álagi þegar um er að ræða sölu á umtalsverðum hlut í bankanum. Að mati nefndarinnar eru þau mörk hærri en efri mörk fyrrgreinds verðbils.
- Fyrirætlanir tilboðsgjafa varðandi skuldsetningu eignarhaldsfélagsins.
- Frekari upplýsinga er þörf um eðli og umfang áreiðanleikakönnunar (due diligence) sem tilboðsgjafi gerir kröfu um áður en gerður er bindandi kaupsamningur.
- Afla þarf samþykkis allra yfirvalda sem málið varðar í þeim löndum þar sem bankinn starfar.
- Áreiðanleikakönnun á því hvort Samson ehf. hafi til þess hæfi að vera ráðandi hluthafi í banka.
- Tíminn sem tilboðsgjafar hafa í hyggju að eiga ráðandi hlut sinn í bankanum og vilji þeirra til þess að taka á sig skuldbindingu varðandi eignartíma.

- Tillögur tilboðsgjafa varðandi kauprétt á viðbótarhlutum.
- Í komandi viðræðum verður nánar farið yfir þau efnisatriði sem komið hafa fram í bréfum aðstandenda Samson ehf. Þar mun nefndin kynna afstöðu sína til einstakra atriða.

Nefndin leggur til að síðar í þessari viku verði haldinn fyrsti viðræðufundur aðila og á þeim fundi verði rædd viðræðuáætlun.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in black ink, appearing to be 'Ólafur Jónsson' or similar, written in a cursive style.